



## Samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild.

1. Undirrituð félög verkfræðinga og tæknifræðinga á Norðurlöndunum hafa komið sér saman um neðangreinda skilmála vegna gestaaðildar félagsmanna sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Félagið í heimalandinu þar sem viðkomandi félagsmaður er skráður, nefnist í skjali þessu heimafélag en félagið sem gestaaðildin á við nefnist gestgjafafélag. Félagsmaður getur orðið gestameðlimur í gestgjafafélaginu ef hann stundar vinnu í landi gestgjafafélagsins og er skráður fullgildur félagsmaður í heimafélagi sínu. Gestaaðild felur í sér að gestgjafafélagið getur, með samþykki félagsmanns, farið með lögformlegt umboð hans í málum sem tengjast vinnuskilmálum. Samkomulagið gildir ekki varðandi málefni nema (ungfélaga) og eftirlaunabega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Hægt er að gera sér ákvæði um þjónustu við þessa hópa sem falla utan þessa samkomulags.
2. Hægt er að óska eftir gestaaðild í eitt almanaksár í senn, hámarkstími eru þrjú almanaksár. Eftir fyrsta árið framlengist aðildin sjálfkrafa ef ekki er tilkynntar breytingar á skilyrðum félagsins til gestaaðildar. Gestaaðild fellur úr gildi þegar atvinnuþátttaka í landi gestgjafafélagsins gefur ekki tilefni til félagsaðildar eða þegar aðild að heimafélaginu lýkur.
3. Heimafélagið sendir gestgjafafélaginu tilkynningu um gestaaðild. Í þeim tilfellum þegar um fleiri en eitt félag er að ræða í viðkomandi landi, þarf umsækjandi að velja það félag sem hann kys að vera meðlimur í. Félögin í viðkomandi landi geta komið sér saman um verklag vegna þessa. Gestameðlimur skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru, m.a. varðandi menntun, í gestgjafafélaginu.
4. Öll félög sem eiga aðild að þessu samkomulagi skulu gefa út upplýsingar um starfsemi sína með áherslu á gestaaðild. Upplýsingarnar skulu líka vera á heimasíðunni [www.nording.org](http://www.nording.org) og vera aðgengilegar á ensku.
5. Gestameðlimur hefur sömu forsendur og réttindi og aðrir meðlimir gestgjafafélagsins. Gestameðlimur hefur þó ekki tillögurétt og ekki er hægt að velja hann til trúnaðarstarfa.
6. Gestaaðild er gjaldfrí fyrir félagann að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.
7. Varðandi aðild að atvinnuleysisjóðum gilda reglur viðkomandi lands. Gestaaðild felur ekki í sér atvinnuleysistryggingar.
8. Vegna ágreiningsmála um atvinnuréttindi sem fara fyrir dómstóla skal kostnaður vegna lögfræðiaðstoðar, óháð því hvort til hans er stofnað innanlands eða erlendis, ásamt öðrum tilfallandi kostnaði greiðist af heimafélaginu samkvæmt sérstöku samkomulagi milli heimafélags og gestgjafafélags. Gestgjafafélagiðfélagið greiðir þó eigin útlagðan kostnað.
9. Þetta samkomulag kemur í stað fyrra samkomulags um gestaaðild milli félaganna og tekur gildi eftir 1.1.2006 að lokinni viðeigandi staðfestingu innan viðkomandi félags. Gestaaðild einstakra félagsmanna sem fellur undir ramma fyrra samkomulags, heldur gildi sínu í nýja samkomulaginu.
10. Samkomulagið gildir fyrir eitt almanaksár í senn. Uppsögn samkomulagsins skal tilkynnast skriflega öðrum félögum sem eiga aðild að samkomulaginu minnst fjórum námuðum fyrir lok almanaksárs. Segi eitt af félögum upp samningi þessum heldur samkomulagið gildi milli annarra félaga. Gestaaðild félagsmanna fellur úr gildi við uppsögn viðkomandi félags.